

Mánudaginn 28. mars 1994.

Nr. 126/1994.

**Bárður Halldórsson**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

**Bílaverkstæði Högna,  
Búnaðarbanka Íslands og  
Eyrarsparisjóði**

Kærumál. Nauðungarsala. Útivist. Endurupptaka.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. febrúar sl., sem barst réttinum með kærumálgögnum 15. þessa mánaðar. Kæruheimild er í 85. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 79. gr., laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Krefst sóknaraðili þess „aðallega, að lagt verði fyrir héraðsdóm að taka málið fyrir að nýju til efnismeðferðar eða að heimiluð verði endurupptaka málsins“.

Varnaraðilar hafa eigi látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Við þingfestingu málsins í héraði 9. desember 1993 mætti lögmaður af hálfu sóknaraðila, og samþykkti hann ákvörðun héraðsdómara um aðild í málinu. Með vísan til þessa og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 8. febrúar 1994.**

Með bréfi, sem móttakið var í Héraðsdómi Reykjaness 1. febrúar 1994, hefur Haraldur Blöndal hrl. krafist þess að upp verði kveðinn úrskurður um synjun á endurupptöku málsins Z-12/1993: Bárður Halldórsson gegn Bílaverkstæði Högna o.fl.

*Málavextir.*

Með bréfi Haralds Blöndals hrl., sem mótttekið var í dóminum 22. desember 1993, óskaði hann þess, með vísan til 84. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, sbr. 76. gr. sömu laga og 137. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, að tekin yrði til úrlausnar að nýju ósk Bárðar Halldórssonar, Litlabæjarvör 7, Bessastaðahreppi, skv. XIV. kafla laga um nauðungarsölu um úrlausn um gildi nauðungarsölu á bifreiðinni IN-668, BMW 520, árgerð 1987.

Með bréfi dómsins, dags. 5. janúar 1994, var synjað um endurupptöku málsins nr. Z-12/1993: Bárður Halldórsson gegn Bílaverkstæði Högna o.fl.

Atvik að baki máli eru þau, að með bréfi, sem barst dóminum 29. október 1993, óskaði Bárður Halldórsson úrlausnar dómsins skv. XIV. kafla laga um nauðungarsölu, um gildi nauðungarsölu á bifreið hans, IN-668, BMW 520, árgerð 1987, sem fram fór laugardaginn 2. október 1993 á nauðungaruppboði, sem haldið var af sýslumanninum í Hafnarfirði.

Hinn 9. desember 1993 var þingfest málið nr. Z-12/1993: Bárður Halldórsson gegn Bílaverkstæði Högna o.fl. Þingið sótti af hálfu sóknaraðila Björgvin Þorsteinsson hrl. vegna Haralds Blöndals hrl. Gerði hann þær dómkröfur í málinu að ógilt yrði nauðungarsala á bifreiðinni IN-668, BMW 520, árgerð 1987, er fram fór laugardaginn 2. október 1993. Þá gerði hann kröfu um málskostnað. Var málinu frestað til framlagningar greinargerðar sóknaraðila til fimmtudagsins 16. desember 1993. Af hálfu sóknaraðila var þing ekki sótt hinn 16. desember 1993, en að ósk varnaraðila var málinu frestað til þinghalds 21. desember 1993. Af hálfu sóknaraðila var þing þá ekki heldur sótt. Var þess þá krafist af hálfu varnaraðila að málið yrði fellt niður og jafnframt gerð krafa um málskostnað að mati dómsins. Með úrskurði, upp kveðnum 29. desember 1993, var málið fellt niður.

*Málsástæður og lagarök.*

Haraldur Blöndal hrl. heldur því aðallega fram að umbjóðandi hans, Bárður Halldórsson, sé varnaraðili í málinu, sbr. 2. mgr. 74. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, en þar segi: „Ella skal gerðarþoli að jafnaði talinn varnaraðili, en það skal hann einnig annars vera ef ágreiningsefnið varðar hagsmuni hans.“ Hér sé um að ræða ótvíræð fyrirmæli um aðild að málum, og beri að skoða 2. og 3. mgr. 82. gr. laganna í þessu ljósi, og komi það m.a. fram í athugasemdum við greinina, að þessi ákvæði séu „um margt áþekk reglum 2. mgr. 74. gr.“. Í 2. mgr. 82. gr. segi, að „öðru jöfnu skal sá sem leitar úrlausnar talinn sóknaraðili máls, en aðrir varnaraðilar“. Þetta ákvæði beri að skýra með hliðsjón af tilvitnuðum ákvæðum 2. mgr. 74. gr., sbr. orðin „að öðru jöfnu“.

Af þessu leiði, að taka hafi mátt málið til úrlausnar, þótt ekki hafi verið

mætt fyrir umbjóðanda hans, eða hann krefjist endurupptöku málsins, ef það var fellt niður af sóknaraðilum.

Þá er gerð sú krafa, verði ekki fallist á framangreind sjónarmið, „að málið verði tekið til úrlausnar að nýju, en sé því haldið fram, að þeir frestir, sem nefndir eru í 80. gr. uppboðslaga, fari að líða að nýju frá þeim degi, er málið var fellt niður, sé ljóst, að krafan um endurupptöku málsins hafi verið tekin innan þessa frests, en bréfið frá 22. desember 1993 hafi jafnframt verið krafa um endurupptöku á þessum grundvelli, þótt hinu hafi aðallega verið haldið fram“.

#### *Niðurstöður.*

Við þingfestingu málsins Z-12/1993 hinn 9. desember 1993 ákvað dómari, hvernig aðild að því yrði háttað og að Bárður Halldórsson, sem gerði kröfu um úrlausn dómsins um gildi nauðungarsölu, yrði sóknaraðili, sbr. 2. mgr. 82. gr. laga 90/1991 um nauðungarsölu. Var þing sótt af hálfu sóknaraðila og málinu frestað til framlagningar greinargerðar hans.

Haraldur Blöndal hrl. heldur því aðallega fram til stuðnings kröfu sinni að umbjóðandi hans, Bárður Halldórsson, sé varnaraðili í málinu, sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Í 74. gr., sem er í XIII. kafla laganna, er að finna reglur um, hvernig leyst verði úr afmörkuðum ágreiningsefnum jafnharðan meðan á aðgerðum stendur við nauðungarsölu. Þar sem mál þetta varðar úrlausn um gildi nauðungarsölu, en reglur um dómsúrlausnir um gildi nauðungarsölu eru í XIV. kafla laganna og heyra 80.–85. gr. laganna til kaflans, verður ekki fallist á, að aðild hafi átt að ákvarða skv. 2. mgr. 74. gr. eða að skýra beri 2. mgr. 82. gr. með hliðsjón af því ákvæði, heldur, að ákveða hafi átt aðild skv. 2. mgr. 82. gr. laganna svo sem gert var, en í greininni segir að héraðsdómari ákveði, hvernig aðild að máli verði hagað, og að öðru jöfnu skuli sá, sem leitar úrlausnar, talinn sóknaraðili máls, en aðrir varnaraðilar.

Af hálfu sóknaraðila var ekki sótt þing í þinghaldi sem ákveðið hafði verið til framlagningar greinargerðar hans. Varnaraðilar kröfðust ekki úrlausnar um kröfur sínar, heldur kröfðust niðurfellingar málsins og málskostnaðar. Kom því ekki til álita að taka málið til efnislegrar úrlausnar, sbr. 84. gr., sbr. 76. gr. nauðungarsölulaga. Var málið fellt niður með úrskurði, upp kveðnum 29. desember 1993.

Samkvæmt 137. gr. einkamálagaga nr. 91/1991 getur stefndi krafist endurupptöku máls að þar greindum skilyrðum uppfylltum. Getur sóknaraðili máls þessa því ekki krafist endurupptöku málsins með vísan til 137. gr. einkamálagaga.

Nauðungarsala sú, er krafist var úrlausnar um í málinu, fór fram 2. októ-

ber 1993 og var heimilt að leita úrlausnar héraðsdóms um gildi nauðungarsölunnar í fjórar vikur frá þeim degi, sbr. 1. mgr. 80. gr. nauðungarsölulaga.

Verður því samkvæmt framansögðu synjað um endurupptöku málsins Z-12/1993; Bárður Halldórsson gegn Bílaverkstæði Högna o.fl.

Þorgerður Erlendsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er um endurupptöku málsins Z-12/1993; Bárður Halldórsson gegn Bílaverkstæði Högna, Búnaðarbanka Íslands og Eyrarsparisjóði.

---